

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkur 1980–2000.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Dalvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Dalvíkur 1988–2000 og staðfest var 3. maí 1982.

Breytingin er fólgin í því að bætt er við einni lóð fyrir einbýlishús norðan Öldugötu, vestan við lóð nr. 10, þar sem áður var grænt svæði. Jafnframt er á hinum breytta uppdrætti mörk svæða/lóða, sem byggst hafa á skipulagstímanum svo og lega gatna, færð til samræmis við útfært deiliskipulag.

Bæjarstjórn Dalvíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 236

11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Súðavíkur.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. maí 1992 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Súðavíkur sem staðfest var 9. september 1974.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 30 B við Aðalgötu breytist á þann veg að óbyggt svæði verður iðnaðarlóð.

Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps hefur með yfirlýsingu dagsettri 12. maí 1992 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 11. júní 1992.

F. h. r.

Þórður H. Ólafsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 237

11. júní 1992

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. apríl 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988–2008 frá 2. júlí 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að svæði austur af Bústaðarbraut breytist úr malarnámi í svæði fyrir sorpeyðingarstöð.